LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Grænt letur = nýr texti
Rautt letur = Texti fellur brott
Svart letur = Óbreyttur texti

Þingskjal nr. __

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Íslandsmót um þátttökurétt á Íslandsmóti.

a. Breytingartillaga við gr. 3 Þátttökuréttur á Íslandsmóti

Keppnisárangur skal nást á sama ári og Íslandsmót er haldið. Keppnisárangur er gildur frá löglegum fimm dómara mótum, staðfestur í mótaskýrslu, og skal árangur keppnispars miðast við annan mánudag áður en keppni hefst á Íslandsmóti.

b. *Breytingartillaga við gr. 3 Þátttökuréttur á Íslandsmóti*

~~Keppnisárangur skal nást á sama ári og Íslandsmót er haldið.~~ Keppnisárangur er gildur frá löglegum mótum, staðfestur í mótaskýrslu og skal árangur keppnispars miðast við upphafsdagsetningu Íslandsmóts árið á undan og til annars~~n~~ mánudags áður en keppni hefst á Íslandsmóti.

Greinargerð:

Til að tryggja eðlilegri samanburð þeirra hesta sem tryggja sér tölur á Íslandsmót er lagt til að einungis sé gildur árangur á löglegum fimm dómara mótum.

Reynsla síðustu missera er að regla um að keppnisárangur til að tryggja lágmörk á Íslandsmót skuli nást á sama ári og Íslandsmót er haldið sé heldur íþyngjandi. Lagt er til að árangur frá upphafsdagsetningu Íslandsmóts árið á undan og til annars mánudags áður en keppni hefst telji sem gildur árangur. Þetta skiptir sérstaklega máli þegar Íslandsmótin eru snemma sumars. Knapar hafa misgóðan aðgang að mótum á vorin til að ná lágmörkum.